

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1033

Dagsetning: 2. júlí 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV) undir liðum 1-16, Elís Reynarsson (ER), Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 25. júní 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar og sumarleyfin framundan.

3. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

4. Vísindanefnd HH

Rætt var um skipan nýrrar vísindanefndar HH.

5. Hælisleitendur

Umræður um dreifingu álags vegna hælisleitenda á stöðvar HH. Viðræður eru í gangi við Vinnuálastofnun til að ná utan um málið.

6. Netöryggismál

Framhald umræðna á síðasta fundi um netöryggismál.

7. Sjúkraskrá

Fjallað var um verklag við afhendingu afrita af sjúkraskrá til skjólstæðinga. Ákveðið var að ráða starfsmann á deild rafrænnar þjónustu sem mun sérhæfa sig í þessu verkefni og sjá um það fyrir allar einingar HH.

8. Sjúkráþjálfarar hjá HH

Rætt um verkefni sjúkráþjálfara á heilsugæslustöðvum og hvernig hægt verður að nýta þeirra starfskrafta sem best. Lögð var áhersla á að allar heilsugæslustöðvar hafi sjúkráþjálfara í sínu starfsliði eftir því sem frekast er unnt.

9. Húsnæðismál

Umræður um merkingar á starfsstöðvum HH. Unnið er að samræmingu á merkingum og hvernig hægt er að nota móttökuskjái betur til að leiðbeina skjólstæðingum innanhúss.

10. Þjónustukönnun

Fjallað var um nýja könnun á þjónustu ríkisins sem HH mun taka þátt í.

11. Afmælisútgáfa Læknablaðsins

Umræður um 120 ára afmæli Læknablaðsins og hvort HH sendi afmæliskveðju í blaðinu.

12. Janus endurhæfing

Rætt var um stöðuna hjá Janus endurhæfingu. Áhugi er á því að starfsemin færast undir HH og hefur heilbrigðisráðuneytið óskað eftir því að HH kanni hvort það sé fýsilegt og hvernig það gæti gerst þannig að verkefni Janusar falli að starfsemi HH.

13. Færni- og heilsumatsnefnd

Rætt um mönnun færni- og heilsumatsnefndar og þjónustu nefndarinnar.

14. Uptökur á viðtölum við starfsfólk

Kynnt var hugmynd um að taka viðtöl við starfsfólk úr ýmsum stéttum innan HH sem hægt væri að nota á fræðadegi, á samfélagsmiðlum og ýmsum viðburðum. Lögð var fram gróf hugmynd um kostnað. Framkvæmdastjórn samþykkti að halda áfram með þetta verkefni.

15. Húsnæði sálfræðinga í Heilsugæslunni Garðabæ

Leigusali hefur sagt upp samningi um húsnæði sem sálfræðingar Heilsugæslunni Garðabæ hafa nýtt og fer fram á hækkun á húsaleigu. Framkvæmdastjórn samþykkti að halda áfram að leigja húsnæðið en jafnframt þurfi að fara fram á að ákveðnar úrbætur verði gerðar.

Önnur mál

16. Nýir kjarasamningar

Upplýst var að bæði Sameyki og Viska hafa undirritað nýja kjarasamninga við ríkið.

17. Heilsubrú

Upplýst var hvernig gengið hefur með flutninga Heilsubrúar.

Aðgerðir og verkefni

- Funda þarf með fráfarandi formanni Vísindanefndar HH, skoða skipulag nefndarinnar og skipa nýtt fólk í hana, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf áfram með Vinnumálastofnun að því að dreifa álagi vegna hælisleitenda á heilsugæslustöðvar HH, sjá lið 5.
Ábyrgð: ASV

- Undirbúa þarf ráðningu starfsmanns til að sjá um afhendingu sjúkraskrár, sjá lið 7.
Ábyrgð: NSK
- Samræma þarf merkingar og nýtingu á móttökuskjám á stöðvum HH, sjá lið 9.
Ábyrgð: NSK
- Vinna þarf með heilbrigðisráðuneytinu að því að kanna hvort Janus endurhæfing eigi heima innan HH, sjá lið 12.
Ábyrgð: SDM og GUP
- Kanna þarf svigrúm til að bæta við starfsmanni í færni- og heilsumatsnefnd og vinna í kjölfarið að ráðningu ef svigrúm er fyrir hendi, sjá lið 13.
Ábyrgð: ER og ASV
- Undirbúa þarf upptökur á viðtölum við starfsfólk, sjá lið 14.
Ábyrgð: SKP og BJ
- Upplýsa þarf leigusala Heilsugæslunnar Garðabæ um niðurstöðu framkvæmdastjórnar, sjá lið 15.
Ábyrgð: ER

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:15